

GLAUMBÆR Í SKAGAFIRÐI

Deiliskipulag

Skipulagslýsing



SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir Bygðasafn Skagfirðinga. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við gerð deiliskipulagsins og í henni koma fram áherslur Bygðarsafns Skagfirðinga, Glaumbæjarkirkju og Þjóðminjasafns Íslands. Í lýsingunni eru einnig upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið sín í upphafi skipulagsvinnunnar.

VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Helsta markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi og móttöku ferðamanna og gesta sem sækja heim Bygðasafn Skagfirðinga og Glaumbæjarkirkju. Skipulaginu er ætlað að skapa ramma um jákvæða og skynsamlega uppbyggingu til lengri tíma. Lögð verður áhersla á að mannvirki hafi samræmda heildarásýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og núverandi byggðar. Helstu viðfangsefni í deiliskipulaginu eru:

- Fyrirhuguð uppbygging á húsnaði undir starfsemi safnsins þar sem ákvarðanir eru teknar varðandi byggingarreiti, hámarks byggingarmagn og aðra byggingaskilmála.
- Setja fram, í samstarfi við Vegagerðina, tillögu að bættri vegtengingu við Sauðárkróksbraut til að auka umferðaröryggi og bæta aðgengi.
- Skipuleggja safnsvæðið og umhverfi Glaumbæjarkirkju, fyrirkomulag bílastæða, stígakerfi, aðgengi að minjasvæðum, merkingar og yfirbragð umhverfis.
- Stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er 18,90 hektarar. Norðurmörk liggja rétt norðan við kirkjugarð Glaumbæjarkirkju. Austurmörkin liggja eins og sýnt er á uppdrætti yfir túnin austan Sauðárkróksbrautar til að ná utan um þekkt minjasvæði. Suðurmörk skipulagssvæðisins liggja skammt norðan við Haldórsstaði en vesturmörkin ná 30 m vestan við miðlínu Sauðárkróksbrautar.

Innan skipulagssvæðis er:

1. Bygðasafn Skagfirðinga með núverandi byggingum, mannvirkjum, bílastæðum, þjónustusvæðum og göngustígum.
2. Glaumbæjarkirkja ásamt bílastæði og kirkjugarði
3. Hluti Sauðárkróksbrautar nr. 75 ásamt veghelgunarsvæði og vegtengingum.
4. Minjasvæði, tún og óræktað land

NÚVERANDI SKIPULAG

Í Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035 er fjallað um skipulagssvæðið með eftirfarandi hætti:


Bygðasafn Skagfirðinga er á skilgreindu afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF-5. Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er gert ráð fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks. Í aðalskipulaginu kemur fram að núverandi byggingar á svæðinu eru 430 m² en aðalskipulagið heimilar að byggingarmagn verði allt að 800 m².

Glaumbæjarkirkja er á skilgreindu svæði fyrir samfélagsþjónustu, S-6. Um þau svæði segir í aðalskipulagi að það séu svæðu fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif skipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar (m.s.br.)
Þéttbýlisuppráttur 1:80.000

Fornleifaskráning fór fram á svæðinu árið 2003 en þá var umhverfi prestbústaðar, kirkju og safns skráð af Sigríði Sigurðardóttur fyrir hönd Bygðasafns Skagfirðinga. Önnur fornleifaskráning fór fram árið 2014 og þá þá var allt fyrirhugað skipulagssvæði skráð af Bryndísi Zoëga fyrir Bygðasafn Skagfirðinga. Skipulagssvæðið uppfyllir því kröfur sem gerðar eru um fornleifaskráningar í tengslum við deiliskipulagsgerð. Við vinnslu skipulagsins verður leitað umsagna hjá Minjastofnun. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ÁBENDINGAR OG UMSAGNIR

Skipulagslýsing þessi verður aðgengileg á heimasíðunni sveitarfélagsins skagafjordur.is, í Ráðhúsi Skagafjarðar og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 1641/2025. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu.

Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum frá almenningi og hagsmunaaðilum. Þeim er hægt að koma á framfæri á skipulagsgáttinni undir fyrrnefndu málsnúmeri. Einnig er hægt að senda skriflegar ábendingar á sveitarfélagið Skagafjörð, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkrókur eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Merkja þarf ábendingar „Glaumbær skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar í skipulagsvinnunni en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

SKIPULAGSFERILL

Stefnt er að því að kynna skipulagslýsinguna á íbúafundi á meðan kynningartíma stendur. Síðar verða skipulagsdrög kynnt og þá gefst aftur kostur á að senda inn ábendingar. Fullunnin tillaga verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulagsnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Janúar - febrúar 2026. Skipulagslýsing kynnt með þriggja vikna ábendingafrest og stefnt að því að halda íbúafund til að kynna skipulagið.
- Maí - júní 2026. Skipulagsdrög kynnt á íbúafundi eða með öðrum fullnægjandi hætti.
- September - október 2026. tillaga auglýst með sex vikna athugasemdafresti.
- Desember 2026. Stefnt að gildistöku skipulagsins.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



Bygðasafn
Skagfirðinga

GLAUMBÆR Í SKAGAFIRÐI

Deiliskipulag

Skipulagslýsing

KVARDI	A1 1:2000	DAGS.	11. desember 2025	SKIPULAG: ABÓ
VERKNR.	SSDS-2501	TEIKN nr.	1	TEIKNAD: ABÓ
				Br.